

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/65****2017/EES/31/66****frá 14. desember 2016**

um leyfi fyrir 1-ísóprópýl-4-metýlbenseni, pin-2(10)-eni, pin-2(3)-eni, betakarýófýlleni, kamfeni, 1-ísóprópenýl-4-metýlbenseni, delta-3-kareni og d-límóneni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, pin-2(10)-en, pin-2(3)-en, betakarýófýllen, kamfen, 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen, delta-3-karen og d-límónen voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á 1-ísóprópýl-4-metýlbenseni, pin-2(10)-eni, pin-2(3)-eni, betakarýófýlleni, kamfeni, 1-ísóprópenýl-4-metýlbenseni, delta-3-kareni og d-límóneni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum ⁽³⁾ frá 10. mars 2015 og 1. desember 2015 að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, pin-2(10)-en, pin-2(3)-en, betakarýófýllen, kamfen, 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen, delta-3-karen og d-límónen ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að verkunarmáti 1-ísóprópýl-4-metýlbensens, pin-2(10)-ens, pin-2(3)-ens, betakarýófýllens, kamfens, 1-ísóprópenýl-4-metýlbensens, delta-3-karens og d-límónens sé svipaður í fóðri og í matvælum. Matvælaöryggisstofnunin hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, pin-2(10)-en, pin-2(3)-en, betakarýófýllen, kamfen, 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen, delta-3-karen og d-límónen séu skilvirk í matvælum þar eð þau bæti lykt matvæla eða bragðgæði. Matvælaöryggisstofnunin gat ekki ályktað um öryggi pin-2(3)-ens, pin-2(10)-ens, delta-3-karens, betakarýófýllens og kamfens þegar þau eru notuð í drykkjarvatn. Þar eð öryggismörk fyrir d-límónen, 1-ísóprópýl-4-metýlbensen og 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen eru ekki fyrir hendi komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að gefa aukefnin samtímis í fóðri og vatni. Þessi efni má þó nota í fóðurblöndu sem er síðan gefin með vatni.
- 5) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Til hagræðingar og að teknu tilliti til endurmats sem Matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt ætti að fastsetja ráðlagt hámarksinnihald. Ef farið er yfir ráðlagt innihald aukefnis í heilfóðri ætti að tilgreina kenninúmer fóðuraukefnis, heiti þess og viðbætt magn á merkimiða forblandna, heilfóðurs og fóðurefna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 17.1.2017, bls. 246. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4053 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(1), 4339.

- 6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þar eð engin gögn liggja fyrir um öryggi neytenda ætti að líta á 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, pin-2(10)-en, pin-2(3)-en, betakarýófýllen, kamfen, 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen, delta-3-karen og d-límónen sem ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og sem húðnæmi. Af þessum sökum ætti að grípa til viðeigandi verndarráðstafana. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóduraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 7) Mat á efnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir 1-ísóprópýl-4-metýlbenseni, pin-2(10)-eni, pin-2(3)-eni, betakarýófýlleni, kamfeni, 1-ísóprópenýl-4-metýlbenseni, delta-3-kareni og d-límóneni af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóduraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. ágúst 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 6. febrúar 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fóðurlöndur og fódurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. febrúar 2018 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 6. febrúar 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
3. Fóðurlöndur og fódurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. febrúar 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 6. febrúar 2017 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni

2b01002	—	1-ísóprópýl-4-metýlbensen	<i>Samsetning aukefnis</i> <i>1-ísóprópýl-4-metýlbensen</i> <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 1-ísóprópýl-4-metýlbensen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97%. $C_{10}H_{14}$ CAS-nr. 99-87-6 FLAVIS-nr.: 01.002 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða 1-ísóprópýl-4-metýlbensen í fóðuraufefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera: Fyrir ketti: 14 mg/kg, og fyrir aðrar tegundir og flokka: 25 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 14 mg/kg fyrir ketti, — 25 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.“	6. febrúar 2027
---------	---	---------------------------	--	-----------------------	---	---	---	--	-----------------

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
								5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fóðurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 14 mg/kg fyrir ketti, — 25 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01003	—	Pin-2(10)-en	Samsetning aukefnis Pin-2(10)-en Lýsing á eiginleikum virka efnisins Pin-2(10)-en Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: C₁₀H₁₆	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald.	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
			CAS-nr. 127-91-3 FLAVIS-nr.: 01.003 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða pin-2(10)-en í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fódurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01004	—	Pin-2(3)-en	<i>Samsetning aukefnis</i> Pin-2(3)-en <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Pin-2(3)-en	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
			Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: C₁₀H₁₆ CAS-nr. 80-56-8 FLAVIS-nr.: 01.004 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða pin-2(3)-en í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fódurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01007	—	β-karýófýllen	<i>Samsetning aukefnis</i> β-karýófýllen	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
			<i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> β-karýófýllen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 80 % Efnaformúla: C₁₅H₂₄ CAS-nr. 87-44-5 FLAVIS-nr.: 01.007 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða betakarýófýllen í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fódurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01009	—	Kamfen	<i>Samsetning aukefnis</i> Kamfen	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)
			<i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Kamfen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 80 % Efnaformúla: C₁₀H₁₆ CAS-nr. 79-92-5 FLAVIS-nr.: 01.009 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða kamfen í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.				2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fódurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
2b01010	—	1-ísóprópenýl-4-metýlbensen	<i>Samsetning aukefnis</i> 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: C ₁₀ H ₁₂ CAS-nr. 1195-32-0 FLAVIS-nr.: 01.010 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða 1-ísóprópenýl-4-metýlbensen í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera: fyrir svín og alifugla: 1 mg/kg, og fyrir aðrar tegundir og flokka: 1,5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 1 mg/kg fyrir svín og alifugla, — 1,5 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fóðurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 1 mg/kg fyrir svín og alifugla, — 1,5 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01029	—	δ-3-karen	<i>Samsetning aukefnis</i> δ-3-karen <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> δ-3-karen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 92 % Efnaformúla: C₁₀H₁₆ CAS-nr. 13466-78-9 FLAVIS-nr.: 01.029 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða delta-3-karen í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fóðurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)		8)	9)
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b01045	—	d-límónen	<i>Samsetning aukefnis</i> d-límónen <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> d-límónen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 96 % Efnaformúla: C₁₀H₁₆ CAS-nr. 5989-27-5 FLAVIS-nr.: 01.045 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða d-límónen í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir nema karlkyns rottur	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 25 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur, fóðurefni og heilfóður ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg	6. febrúar 2027

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)
							6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>